

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1052

Dagsetning: 7. janúar 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Arngrímur Angantýsson, deildarstjóri launadeildar, sat fundinn undir lið 4.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 17. desember 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Ný fjárhagsyfirlit

Kynntar voru breytingar á yfirlitum yfir fjárhagsliði einstakra starfseininga. Markmiðið með breytingunum er að auðvelda stjórnendum hvernar einingar að hafa yfirsýn yfir stöðu og þróun fjárhags sinna starfsstöðva. Stjórnendur geta nú rýnt ítarlega í stöðuna hverju sinni ásamt því að fá mánaðarlegt yfirlit sent í tölvupósti með sjálfvirkum hætti.

### 4. Úttekt á ráðningarferli og umbótaverkefnum

Arngrímur Angantýsson, deildarstjóri launadeildar, kom á fundinn til að kynna niðurstöður ferlagreiningar hjá launadeild tengt ráðningum og starfslokum hjá stofnuninni og umbótaverkefni sem unnið verður að í kjölfar greiningarinnar. Framkvæmdastjórn lagði áherslu á að vinna áfram að umbótaverkefnum sem voru kynnt á fundinum.

### 5. Jafningjahandleiðsla

Rætt var um handleiðslu fyrir stjórnendur sem hefur verið í gangi. Handleiðslan hefur gengið vel og hefur hópur stjórnenda sem hefur fengið handleiðslu óskað eftir því að áfram verði boðið upp á hana þó dagskrá sem sett var í gang síðasta haust klárist. Framkvæmdastjórn telur mikilvægt að bjóða upp á handleiðslu áfram en að færa þurfi kostnað við handleiðslu af hverri starfsstöð eftir að upprunalega verkefninu lýkur.

### 6. Starfsmannamál

Umræður um um ýmis starfsmannamál.

## 7. Húsnæðismál

Rætt var um húsnæðismál þriggja heilsugæslustöðva sem þurfa að fá nýtt húsnæði. Þar er um að ræða Heilsugæsluna Fjörð, Heilsugæsluna Garðabæ og Heilsugæsluna Miðbæ. Markaðskönnun hefur farið fram og drög að húslýsingum liggja fyrir. Fara þarf yfir lýsingarnar og auglýsa að því loknu eftir húsnæði. Einnig var rætt um endurbætur á Heilsugæslunni Miðbæ sem nauðsynlegt er að ráðast í þrátt fyrir að leitað sé að nýju húsnæði fyrir stöðina.

## 8. Fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH

Umræður um fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH og stöðu viðræðna við Sjúkratryggingar Íslands.

### Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram innleiðingu á nýjum fjárhagsyfirlitum, sjá lið 3.  
Ábyrgð: HP
- Halda þarf áfram vinnu við umbótaverkefni á launadeild, sjá lið 4.  
Ábyrgð: HP
- Skipuleggja þarf framhald jafningjafræðslu, sjá lið 5.  
Ábyrgð: SKP
- Halda þarf áfram vinnu við húsnæðismál heilsugæslustöðva, sjá lið 7.  
Ábyrgð: HP
- Halda þarf áfram vinnu við fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH, sjá lið 8.  
Ábyrgð: SDM og HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:40